

Þriðjudaginn 17. ágúst 1993.

Nr. 333/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Guðbjarti Rognvaldssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Ómerking og aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Undirritaði hann yfirlýsingu þess efnis 11. ágúst 1993, og var hún send Héraðsdómi Reykjavíkur næsta dag. Hæstarétti barst kæran 13. ágúst sl. Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Varakrafa hans er sú, að gæsluvarðhaldstímanum verði markaður skemmri tími og gæsluvarðhaldið verði með sama hætti og vistun afplánunarfanga. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem fer með sóknaraðild máls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald varnaraðila er byggð á a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Krafa á grundvelli a-liðar er á því reist, að ólokið sé rannsókn á sex innbrotum í Reykjavík á tímabilinu frá 3. til 9. ágúst sl., er varnaraðili hafi viðurkennt aðild að. Hér er um að ræða innbrot í bifreiðina JP-651 við Óðinstorg, Hárgreiðslustofuna Salon à Paris við Skúlagötu 40, Hljóðfæraverslun Paul Bernburg hf. við Rauðarárstíg 16, Hárgreiðslustofuna Figaró við Borgartún 33, Söluturninn Laugarásvegi 2 og Sundanesti við Kleppsveg 35. Samkvæmt gögnum málsins er enn ekki upplýst, hvar hluta þýfis úr þessum innbrotum er að finna. Í málinu nýtur eigi haldgóðra upplýsinga um verðmæti þýfis, en af hálfu eins tjónþola, Hljóðfæraverslunar Paul Bernburg hf., er verðmæti stolinna muna talið nema að minnsta kosti 536.900 krónum.

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína um gæsluvarðhald á grundvelli c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 með því, að auk framangreindra innbrota hafi varnaraðili viðurkennt aðild að fjölmörgum málum, er varða auðgunarbrot og skjalafals, er framin voru aðallega á tímabilinu frá 25. maí til 18. júní 1993. Samkvæmt frásögn sóknaraðila nema fjárkröfur vegna þessara brota eigi lægri fjárhæð en hálfri fjórðu milljón króna.

Samkvæmt bókun í þingbók Héraðsdóms Reykjavíkur, er varnaraðili var leiddur fyrir dómara, áður en úrskurður um gæsluvarðhald var kveðinn upp, var hann ekki spurður sjálfstætt um þau sakar efni, er lúta að framangreindum sex innbrotum og enn voru á rannsóknarstigi. Við það eitt var látið sitja að sýna honum skýrslu hans hjá lögreglu frá deginum áður, sem hann kvað rétta. Þá virðist héraðsdómara hafa verið afhent greinargerð sóknaraðila til ríkis-saksóknara samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991, þar sem fjallað er um þau mörgu mál frá 25. maí til 18. júní 1993, sem sóknaraðili segir varnaraðila hafa viðurkennt aðild að. Skjalið er þó ekki þingmerkt, en á það er handskrifað: „Lagt fram í Héraðsdómi R-vík til stuðnings gæsluvarðhaldskröfu, sbr. c-lið 1. mgr. 103. gr.“ Ekki er að sjá, að þetta skjal hafi verið kynnt varnaraðila, og hann var ekki inntur eftir þeim atvikum, er það varðar. Því var þó ætlað að réttlæta gæsluvarðhald varnaraðila umfram rannsóknarnauðsynjar.

Sú málsmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur, sem að framan er lýst, er í brýnni andstöðu við meginreglur réttarfars í opinberum málum, sbr. einkum 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 19/1991. Verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Gæsluvarðhaldskrafa sóknaraðila í héraði er bæði óskilrík og ónákvæm. Þar er ekki að finna samstæða lýsingu sakarefna, og ekki er að öllu leyti farið rétt með dagsetningar og tilgreiningu verðmæta. Er þetta aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. ágúst 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Guðbjarti Rögnvaldssyni, kt. 270851-4592, með lögheimili að Laugavegi 28 C í Reykjavík, en án dvalarstaðar (heimilislaus), verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. september 1993 kl. 16.00.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður, að nú fari fram rannsókn á sex innbrotum og þjófnuðum. Kærði hafi verið handtekinn í gær og hafi við yfirheyrslur játað að hafa átt aðild að þeim öllum. Í einu málanna (innbroti í Hljóðfæraverslun Paul Bernburg) hafi verið stolið verulegu magni hljóðfæra, að verðmæti allt að 500.000 kr. Ekki hafi tekist að upplýsa, hvar þessir munir séu niður komnir. Fyrir dómi hefur kærði staðfest framburð sinn hjá lögreglu.

Fyrir liggur í málinu, að kærði, sem er heimilislaus, hefur á stuttum tíma átt aðild að mörgum innbrotum og þjófnuðum. Ekki hefur tekist að upplýsa, hvar hluti þýfisins sé niður kominn. Brotin geta varðað hann fangelsi samkvæmt alm. hegningarlögum. Með tilliti til þess, að hætta þykir á, að hann kunni að torvelda rannsókn málsins, ef hann verður látinn laus, og að hann muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ólokið, verður að telja nauðsynlegt, að hann sæti áfram gæsluvarðhaldi. Ber því með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. oml. að taka til greina þá kröfu RLR, að hann sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. september nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á þá kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að Guðbjartur Rögnvaldsson, kt. 270851-4592, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. september nk. kl. 16.00.
